

Varðar: Klapparstígur 29 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Cibo Amore ehf., dags. 24. júlí 2023, um rekstur veitingastaðar í húsinu á lóð nr. 29 við Klapparstíg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Úr breytingu á deilisk., samþ. 22. okt. 2015.



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt Aðalskipulagi er lóðin og byggingin á Klapparstíg 29 í miðborgarkjarna, M1a. Á því svæði sérstök áhersla lögð á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, Brynjureitur, samþykkt 23. mars 2003 með síðari breytingum.

Umsögn

Klapparstígur 29 er íbúðarhúsnæði með atvinnurými á jarðhæð, skráð sem hársnyrtistofa, byggt árið 1927 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á rekstri veitingarstaðar í atvinnurými hússins.

Á lóðinni gilda almennar miðborgarheimildir. Á svæði með almennar miðborgarheimildir má heimila allar tegundir veitingastaða í flokki I–III, að skemmtistöðum undanskildum. Almennar miðborgarheimildir gera ráð fyrir opnunartíma lengst til kl. 3:00 um helgar/frídaga. Í rekstrarleyfi veitingastaða á þessu svæði má heimila útveitingar, þó aldrei lengur en til kl. 23.00.

Umrædd lóð er innan skilgreinds götusvæðis nr. 16 í miðborg Reykjavíkur skv. aðalskipulagi Reykjavíkur, þ.e. Klapparstígur, norður- og suðurhlíð milli Laugavegs og Hverfisgötu. Á götusvæði nr. 16 er ákvæði um 50% lágmarkshlutfall smásöluverslunar. Forsenda samþykkis fyrir breyttri notkun húsnæðis við jarðhæðir er háð því að hlutfall smásöluverslunar fari ekki undir 50% við skilgreinda götuhlið.

Smásöluverslun er núþegar undir 50%. Veitingastaður í þessu rými myndi minnka það hlutfall enn frekar og því er tekið neikvætt í erindið.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri